



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis.

Reykjavík 13. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum og lögum um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna (einföldun regluverks), 8. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/1996, um tæknifrjógungun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, og barnalögum, nr. 76/2003. Kemur fram í greinargerð frumvarpsins að það feli í sér einföldun regluverks í kringum tæknifrjógungunir ásamt auknu frelsi fyrir einstaklinga sem þurfa að nýta sér tæknifrjógungun í þeim tilgangi að eignast barn og búa til fjölskyldu.

Í frumvarpinu er hvergi minnst á réttindi barna né Barnasáttmálann, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. samnefnd lög nr. 19/2013. Þá ávarpar frumvarpið ekki þá staðreynd að börn eru réttahafar, sem eiga sjálfstæð réttindi, óháð réttindum foreldra þeirra. Samkvæmt leiðbeiningum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, þarf að tryggja að það sem börnum er fyrir bestu sé í forgangi við allar ráðstafanir sem varða börn, í samræmi við meginreglu Barnasáttmálans sem er að finna í 3. gr. hans, en það felur m.a. í sér að ávallt þarf að leggja mat á áhrif frumvarpa og annarra tillagna sem varða börn, á réttindi þeirra og hagsmuni.

Frá framlagningu frumvarps þess sem varð að lögum um tæknifrjógungun árið 1996 hefur umboðsmaður barna gert ítrekaðar athugasemdir við það fyrirkomulag sem tryggir kynfrumugjöfum nafnleysi. Hefur umboðsmaður barna áréttað að þannig sé komið í veg fyrir að börn fái notið þess sjálfsagða réttar að þekkja líffræðilegan uppruna sinn.

Í 7. gr. Barnasáttmálans er kveðið á um rétt barna til uppruna síns, en í 8. gr. kemur fram að barn eigi rétt á að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, en sá réttur á einnig við um líffræðileg einkenni eins og læknis- og erfðafræðilegar upplýsingar um ættingja og blóðtengsl. Þetta hefur jafnframt verið áréttað í leiðbeiningum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna (nr. 14 frá 2013) en þar kemur fram að börn eigi rétt á að fá aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegan uppruna sinn, þar sem upplýsingar af þeim toga séu hluti af því sem einkennir barnið, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Þá hefur umboðsmaður barna ítrekað bent á aðstöðumun barna sem eru annars vegar getin með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf og hins vegar barna sem eru ættleidd. Samkvæmt V. kafla laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, eiga ættleidd börn sem náð hafa 18 ára aldri, rétt á að fá tiltækar upplýsingar um kynforeldra og þá bera foreldrar ættleiddra barna skyldu til að upplýsa þau um þá staðreynd jafnskjótt og barnið hefur þroska til. Gera lögin ráð fyrir því að það sé að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Svíþjóð var fyrsta ríkið sem lögfesti bann við nafnleynd kynfrumugjafa. Í sænskri löggjöf er því tryggt að einstaklingar í þessari stöðu fái upplýsingar um uppruna sinn í lögum um erfðafræðilega friðhelgi og auk þess er kveðið á um rétt barns sem getið er með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf á því að vera upplýst um þá staðreynd af foreldrum.

Það er miður að frumvarp sem hefur að markmiði að færa löggjöf á þessu sviði til nútímans, tryggi ekki rétt barna sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf til upplýsinga um uppruna sinn, en það væri löngu tímabært og nauðsynlegt framfaraskref í þágu barna.

Virðingarfyllst,



Guðríður Bolladóttir,
Settur umboðsmaður barna